

INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR,  
JÓN KARL HELGASON OG HAFSTEINN ÞÓR HAUSSON

„Var ég þá dómari! Var ég böðull?“

Skáldsagan *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson  
sem lesefni í laganámi

Hið þverfaglega rannsóknarsvið sem kennt er við lög og bókmenntir (e. *law and literature*) á sér langa sögu vestanhafs. Tilhneiging fræðimanna til að tengja þessi tvö viðfangsefni saman er gjarnan rakin til safnritsins *Law and Lawyers in Literature* sem bandaríski lögfræðingurinn Irving Browne sendi frá sér árið 1882.<sup>1</sup> Þar mátti finna úrval texta úr heimsbókmenntunum þar sem lög og lögfræðingar voru í brennidepli. Þegar kom fram á tuttugustu öld varð til óformleg hreyfing meðal bandarískra lögfræðikennara sem litu svo á að lestur slíkra öndvegisverka ætti að vera hluti af laganámi, enda væru þau til þess fallin að víkka sjóndeildarhring nemenda og gera þá færari um að sinna starfsskyldum sínum. John Henry Wigmore, rektor Northwestern Law School í Chicago, setti í því sambandi saman lista með skáldsögum sem hann taldi að enginn lögfræðingur gæti leyft sér að sniðganga.<sup>2</sup> Listinn hefur lengst og þróast með tímanum og orðið að eins konar hefðarveldi (e. *canon*) skáldverka þar sem lögfræðingar, lagaþrætur eða réttarhöld eru í brennidepli.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Irving Browne, *Law and Lawyers in Literature*, Boston: Soule and Bugbeen, 1882.

<sup>2</sup> Á lista Wigmore, sem birtist upphaflega 1908, voru einkum skáldsögur eftir bandaríska og evrópska nítjándu aldar höfundar, þar á meðal James Fenimore Cooper, Charles Dickens, George Eliot, Robert Louis Stevenson, Honoré de Balzac, Alexandre Dumas og Léon Tolstoj. Sjá John Henry Wigmore, „A List of Legal Novels“, *Illinois Law Review* 2/1908, bls. 574–593 og John Henry Wigmore, „A List of 100 Legal Novels“, *Illinois Law Review* 17/1922–1923, bls. 26–41. Sjá enn fremur Richard H. Weisberg, „Wigmore, and the Law and Literature Movement“, *Law and Literature* 21: 1/2009, bls. 129–145.

<sup>3</sup> Sjá m.a. Robert Weisberg, „The Law-Literature Enterprise“, *Yale Journal of Law and the Humanities* 1: 1/1988, bls. 1–68.



Í seinni tíð hefur færst í aukana að lögfræðingar, heimspekingar og bókmenntafræðingar fjalli um ýmsar grundvallarspurningar lögfræðinnar í ljósi sígildra bókmenntaverka eða öfugt. Kippur kom í slíka umræðu vestanhafs á áttunda og níunda áratug liðinnar aldar, meðal annars fyrir tilstilli lögfræðinganna Richards Weisberg og Richards Posner, siðfræðingsins Mörthu Nussbaum og bókmenntafræðingsins Peters Brooks.<sup>4</sup> Í kjölfarið náði þessi bylgja til Evrópu og var meðal annars starfræktur um hríð þverfaglegur norrænn rannsóknarhópur á þessu sviði.<sup>5</sup> Hér á landi er hefð fyrir því að fjalla um lagalegar hliðar íslenskra fornrita, enda snúast mörg þeirra um réttarhöld og dóma.<sup>6</sup> Almennt hefur ekki tíðkast að láta íslenska laganema lesa bókmenntaverk sem hluta af formlegu námi. Á því er þó ein markverð undantekning. Árið 1969 stóðu Þór Vilhjálmsson, prófessor í lögfræði, og Sveinn Skorri Höskuldsson, lektor í íslensku, að námskeiði við Háskóla Íslands þar sem þeir könnuðu ásamt nemendum úr báðum deildum skáldsöguna *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson og dómsskjölin sem hún byggir á.<sup>7</sup>

Með þessari grein viljum við taka upp þráðinn frá þeim Þór og Sveini Skorra og er höfuðmarkmiðið að beina athygli að möguleikum *Svartfugls* sem lesefnis í laganámi.<sup>8</sup> Gunnar sendi söguna frá sér á dönsku árið 1929, hún kom út í íslenskri þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar 1938 og að nýju í þýðingu höfundarins

<sup>4</sup> Sjá Richard H. Weisberg, *The Failure of the Word. The Protagonist as Lawyer in Modern Fiction*, New Haven: Yale University Press, 1984; Richard Posner, *Law and Literature*, Boston: Harvard University Press, 1988 (endurskoðuð útgáfa 1998 og 2009); Martha Nussbaum, *Poetic Justice. The Literary Imagination and Public Life*, Boston: Beacon Press, 1995; Peter Brooks, *Troubling Confessions. Speaking Guilt in Law and Literature*, Chicago: University of Chicago Press, 2000.

<sup>5</sup> Meðal afurða samstarfsins er greinasafn þar sem norrænar bókmenntir eru ræddar frá lögfræðilegum sjónarhóli: Karen-Margrethe Simonsen, ritstjóri, *Law and Justice in Literature, Film and Theater. Nordic Perspectives*, Law & Literature 5. Berlín og Boston: De Gruyter, 2013.

<sup>6</sup> Sjá nánar um þetta efni Jón Karl Helgason, Lára Magnúsardóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Lög og bókmenntir í íslensku samhengi“, *Ritið* 18: 1/2018, bls. 3–10, hér bls. 3.

<sup>7</sup> Í grein sem Þór skrifaði um játningarnar í málinu lýsti hann nálgun þeirra Sveins Skorra sem fólst meðal annars í samanburði á skáldsögunni og dómsskjölum svonefndra Sjöundármála sem Gunnar studdist við. Þór Vilhjálmsson, „Játningarnar í Sjöundármálinu“, *Guðrúnarbók. Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. maí 2006*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 489–497.

<sup>8</sup> Þess má geta að *Svartfugl* var meðal þeirra skáldverka sem lesin voru og rætt um í leshring um bókmenntir og lög sem höfundar skipulögðu með starfsmönnum Héraðsdóms Reykjavíkur haustið 2021 og í sambærilegum leshring sem Lögmennfélag Íslands bauð félagsmönnum sínum upp á ári síðar. Við viljum þakka þátttakendum í báðum leshringjum fyrir frjóar samræður um söguna sem við nutum góðs af við ritun þessarar greinar. Sjá Eyrún Ingadóttir, „Glæpir og refsing í bókmenntum“, *Lögmennablaðið* 2/2022, bls. 20–21.

sjálfs 1972.<sup>9</sup> Frásögnin er innblásin af raunverulegu sakamáli tengdu tveimur dauðsföllum á tvíbylinu Sjöunda á Rauðasandi árið 1802. Í kjölfarið voru Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir fundin sek um að hafa banað mökum sínum, þeim Guðrúnu Egilsdóttur og Jóni Þorgrímssyni.<sup>10</sup> Gunnar styðst við skjöl dómsmálsins en yrkir líka víða inn í eyður þeirra, auk þess sem hann lætur þriðja aðila segja frá viðburðunum.

Verkið vekur upp fjölmargar áleitnar spurningar um lög og réttlæti í víðum skilningi og fjallar jafnframt um margvíslega afmarkaðri en mikilvæga þætti í réttarframkvæmd. Styrkleikar Gunnars sem höfundar liggja meðal annars í næmum lýsingum á sálarlífi sögupersóna og því hvernig það hefur áhrif á gerðir þeirra og ályktunarfærni, sem aftur hefur áhrif á framvindu þeirra réttarhalda sem sagan hverfist um. Hér á eftir hyggjumst við reifa afmörkuð viðfangsefni lögfræðinnar sem hentar vel að kryfja með hliðsjón af *Svartfugli*. Í upphafi ræðum við stuttlega um þær forsendur sem liggja rannsóknarsviði laga og bókmennta til grundvallar og vörpum ljósi á þrjú erlend verk sem þar hafa notið athygli.

## *Hefðarveldi heimsbókmenntanna*

Eðlilegt er að spurt sé í upphafi hvaða einkenni bókmenntaverk þurfi að hafa til að teljast gilt viðfangsefni á sviði laga og bókmennta. John Wigmore svaraði því fyrir sitt leyti þegar hann birti endanlega gerð á skáldsagnalista sínum fyrir rúmlega öld síðan. Sagðist hann hafa valið á hann verk sem hefðu að minnsta kosti eitt eftirtalinna einkenna:

<sup>9</sup> Í formála að nýlegri útgáfu sögunnar fjallar Jón Yngvi Jóhannsson meðal annars um viðtökur hennar. Jón Yngvi Jóhannsson, „Formáli að Svartfugli“, í Gunnar Gunnarsson, *Svartfugl*, þýðandi Gunnar Gunnarsson, Reykjavík: Bjartur, 2007, bls. 5–26, hér bls. 10–12. Formálinn birtist upphaflega framan við útgáfu sögunnar í ritröðinni Íslands þúsund ár: Jón Yngvi Jóhannsson, „Formáli“, í Gunnar Gunnarsson, *Svartfugl*, þýðandi Gunnar Gunnarsson, Reykjavík: Íslensku bókaklúbbarnir, 2001, bls. v–xxiii.

<sup>10</sup> Rannsóknir á hinu raunverulega dómsmáli og atburðum því tengdu eru vissulega verðugt og spennandi viðfangsefni en liggja utan við efni þessarar greinar. Fyrir áhugasama má benda á að dóm Landsyfírréttar yfir Bjarna og Steinunni og dóm Hæstaréttar er að finna í dómasafni, sjá *Landsyfírréttardómar og Hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873, I. 1802–1814*, Reykjavík: Sögufjelag, 1916–1918, bls. 59–66 og 461–462. Þá hafa dómabókin og þingbókin í málinu nýlega verið gefnar út: Már Jónsson og Jón Torfason, ritstjórar, *Pessi frægu glepamál. Mordin á Sjöunda og Illugastöðum*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 33, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2024. Þar eru líka birt afrit þeirra skjala sem send voru Landsyfírrétti þegar málinu var áfrýjað. Afriti þingbókarinnar ber ekki saman við frumútgáfuna og gerir Már Jónsson ítarlega grein fyrir misræminu í innangi. Gunnar Gunnarsson hafði aðgang að báðum útgáfum og nýtti efni úr þeim sitt og hvað við ritun *Svartfugls*.

- A. Skáldsögur þar sem senu í réttarhaldi er lýst – til dæmis áhrifaríkri yfirheyrslu sækjanda og verjanda.
- B. Skáldsögur þar sem dæmigerðum eiginleikum lögfræðinga eða dómara, eða faglegu starfi þeirra, er lýst.
- C. Skáldsögur þar sem lögfræðilegum þáttum sem tengjast ákæru og refsingu er lýst.
- D. Skáldsögur þar sem einhver hlið laga, sem hefur áhrif á rétt eða hegðun persóna, kemur við sögu.<sup>11</sup>

Árið 1976 birti Richard Weisberg grein þar sem hann endurskoðaði bæði lista Wigmore og skilgreiningar hans. Samkvæmt Weisberg eiga þau skáldverk erindi í umræður um lög og bókmenntir sem hafa að minnsta kosti eitt eftirfarandi einkenna:

- A. Verk þar sem *framgangi dómsmáls er lýst*, stundum einungis „senu í dómssal“, en allt eins rannsókn sem leiðir til réttarhalda.
- B. Verk þar sem *lögfræðingur er aðalpersóna*, þó að viðkomandi sé ekki nauðsynlega sjálf söguhetjan eða réttarhöld komi við sögu.
- C. Verk þar sem *tiltekin hlið laga*, oft stakur lagabálkur eða framkvæmd laga, mótar uppbygginguna.
- D. Verk þar sem *samband laga, réttlætis og einstaklings* er í brennidepli, þótt samhengið sé að öðru leyti ekki lagalegs eðlis.<sup>12</sup>

Meðal verka sem Weisberg bætti við lista Wigmore voru leikrit, meðal annars eftir enska skáldið William Shakespeare, og ýmis skáldverk sem komið höfðu út eða verið þýdd á ensku á þeirri hálfu öld sem liðin var frá skrifum Wigmore. Í hópi þeirra síðarnefndu var skáldsagan *Útlendingurinn* eftir franska skáldið og heimspekinginn Albert Camus.

Ýmis leikrit Shakespeares hafa orðið efniviður þeirra sem fjalla um lög og bókmenntir, enda ber höfundarverkið merki um víðtæka lagalega þekkingu. Það leikrit skáldsins sem mestar athygli hefur notið er *Kaupmaðurinn í Feneþjóm* en það var samið undir lok sextándu aldar og snýst að miklu leyti um lagaþrætur. Títillpersónan, ítalski kaupmaðurinn Antóníó, slær gyðing að nafni Sælökk um 3000 dúkata lán. Sælökk segist reiðubúinn að lána Antóníó þá upphæð svo fremi að kaupmaðurinn vilji leggja að veði pund af holdi úr líkama sínum sem tryggingu

<sup>11</sup> John Henry Wigmore, „A List of Legal Novels“, bls. 574.

<sup>12</sup> Richard H. Weisberg, „Wigmore’s Legal Novels Revisited. New Resources for the Expansive Lawyer“, *Northwestern University Law Review* 71: 17/1976, bls. 17–28, hér bls. 18.

fyrir greiðslunni. Antóníó fellst á þetta en þegar kemur að gjalddaga berast fréttir um að öll kaupskip hans hafi farist í hafi og hann eigi því ekki fyrir skuldinni. Sælökk vill ganga að veðinu sem jafngildir dauðadómi yfir Antóníó.

Hápunktur leikritsins er sena í réttarsal í Feneyjum þar sem fulltrúi laga og réttar reynir að miðla málum, meðal annars með áhrifaríkri ræðu um miskunnsemina. Þversögnin í málinu er sú að ef Sælökk gengur að veðinu brýtur hann sjálfur gegn lögnum. Verkið, sem mætti fella undir einkenni A, C og D hjá Weisberg, er kjörinn efniviður í umræður um árekstra milli einstakra lagabálka, sem og samband laga við stjórnarskrá og margbrotin tengsl lagareglna og siðareglna. En um leið þurfa þeir sem sjá eða lesa leikritið að taka tillit til þess að Sælökk er gagnrýniverður fulltrúi þeirrar staðalímyndar illsku, ágirndar og nísku sem hefur fylgt gyðingum um aldir.

Skáldsagan *Útlendingurinn* eftir Camus, sem út kom árið 1942, er fyrstu persónu frásögn Meursaults, ungs manns af frönskum uppruna sem búsettur er í Alsír. Í fyrri hluta verksins lýsir Meursault aðdraganda þess að hann, viku eftir að hafa jarðað móður sína, skaut til bana Araba sem átti sökótt við vin hans. Í síðari hluta verksins lýsir Meursault afleiðingum drápsins, þar á meðal yfirheyrslum rannsóknardómara yfir sér og réttarhöldunum sem fylgja í kjölfarið, en þeim lýkur með dauðadómi. Höfuðviðfangsefni margra sem fjalla um verkið er að yfirheyrslurnar og réttarhöldin snúast fremur um persónuleika Meursaults, þar með talið þá staðreynd að hann hafi ekki grátið við dánarbeð móður sinnar, en glæpinn sem slíkan. Í málflutningi sínum í síðari hluta verksins dregur sækjandi upp mynd af sakborningnum sem siðblindum einstaklingi sem myrt hafi fórnarlamb sitt með köldu blóði. Sú lýsing stangast á við lýsingu Meursaults sjálfs í fyrri hlutanum sem bendir til þess að óheppileg röð tilviljana leiði til uppgjörs hans við Arabann og að morðið hafi verið framið af manni með sólsting, jafnvel í sjálfsvörn. Þetta eru atriði sem kemur á óvart að getulitill verjandi Meursaults leggi enga áherslu á í sínum málflutningi.

Einn kostur þess að nýta skáldsögu Camus í kennslu er hve sterk og ólík viðbrögð persónuleiki Meursaults vekur meðal lesenda. Á meðan sumir hrífast af hreinskilni hans um eigin tilfinningar og langanir, og óttaleysi gagnvart dauðanum, þykir öðrum hann algjörlega óþolandi, tilfinningalega heftur og sjúklega hirðulaus um líf sitt og annarra. Söguna, sem helst má fella undir einkenni A og D hjá Weisberg, er kjörið að nýta í umræðu um hvort og við hvaða aðstæður dómur yfir sakborningum ráðast af því hverjir eða hvernig þeir eru, fremur en því hvort og hvernig þeir hafa gerst brotlegir við lög.<sup>13</sup> *Útlendingurinn* vekur einn-

<sup>13</sup> Umræður um *Útlendinginn* falla gjarnan í sömu gryfju og réttarhöldin yfir Meursault og

ig upp vangaveltur um samband sakborninga og verjenda og það með hvaða augum sakborningar sjá dómssalinn og það sem þar gerist. Sagan leiðir í ljós að málflutningur frammi fyrir dómi snýst að einhverju marki um að segja trúverðuga sögu af því sem átt hefur sér stað. Oftar en ekki hafa sækjandi og verjandi tvær ólíkar sögur að segja og má líkja dómara og þeim sem sitja í kviðdómi við bókmenntagagnrýnendur sem þurfa að skera úr um hvor sagan sé trúverðugri eða áhrifaríkari. *Útlendingurinn* vekur einnig upp áleitnar spurningar um stöðu Alsírs sem franskrar nýlendu á þeim tíma þegar sagan var skrifuð og lagaleg réttindi Alsírbúa innan franska ríkisins.

Hefðarveldið sem birtist í listum Wigmore og Weisbergs er stöðugt að mótast og hluti af umræðu á fræðasviðinu snýst um að koma þar nýjum verkum að. Má í því sambandi taka dæmi af fræðigrein eftir bókmenntafræðinginn Karen-Margaret Simonsen og lögfræðinginn Ditlev Tamm um skáldsöguna *Vaðlaklerk* sem danska skáldið Steen Steensen Blicher sendi frá sér árið 1829 (sagan heitir á frummálinu *Præsten i Vejlbye*).<sup>14</sup> Þau rekja hvernig sú bandaríska hefð að láta lag nema lesa skáldverk hafi borist til Skandinavíu í kringum síðustu aldamót, meðal annars fyrir milligöngu Weisbergs. Sjálf hafa þau boðið upp á bókmenntanám skeið við lagadeildir háskóla í Kaupmannahöfn og Árósum og kennt þar ýmis sígild skáldverk, svo sem leikritin *Oresteiu* eftir Æskýlos og *Antígónu* eftir Sófókles og skáldsögurnar *Billy Budd* eftir Herman Melville og *Beðið eftir barðörum* eftir J. M. Coetzee. Þau benda einnig á að aðstæður á meginlandi Evrópu kalli að einhverju marki á annað lesefni fyrir lögfræðinema en það sem vinsælast hefur verið vestanhafs.

Höfuðmarkmið þessara dönsku höfunda er að koma *Vaðlaklerki* á kortið í alþjóðlegri umræðu um lög og bókmenntir. Sagan, sem byggir á raunverulegu sakamáli frá sautjándu öld, er sögð af ungum lögfræðingi og dómara, Erik Sørensen. Það kemur í hans hlut að rannsaka hvarf ungs manns, Niels Bruus, sem hefur verið vinnumaður hjá hinum skapstóra presti sóknarinnar, Søren Qvist. Líkur benda til að Søren hafi komið Niels fyrir kattarnef en svo óheppilega vill til að Erik dómari er vonbiðill Mettu, dóttur prestsins. Dómarinn er í

---

verða palladómar yfir aðalpersónunni. Til dæmis má vitna í ritdóm Johns D. Ayer um áðurnefnda bók Richards H. Weisberg, *The Failure of the Word*. Ayer skrifar: „Það kann vel að vera að Meursault eigi ekki skilið hegningu en ég myndi sannarlega ekki vilja hafa hann sem herbergisfélag og mig grunar að sama máli gegni um Weisberg.“ John D. Ayer, „The Very Idea of “Law and Literature”“, *Michigan Law Review* 85: 5–6/apríl–maí 1987, bls. 895–913, hér bls. 907.

<sup>14</sup> Greinin birtist upphaflega á ensku árið 2013 og var þýdd á íslensku í kjölfarið. Karen-Margrethe Simonsen og Ditlev Tamm, „Lög og bókmenntir í dönsku samhengi. Greining á danskri glæpasögu“, *Ritið* 18: 1/2018, bls. 95–118.

raun vanhæfur til að annast rannsókn málsins og fella um það dóm. Inn í rannsóknina blandast bróðir vinnumannsins, Morten Bruus, sem einnig hefur gert hosur sínar grænar fyrir Mettu.

Það er gaman að geta þess að Gunnar Gunnarsson þýddi umrædda skáldsögu Blichers um miðja síðustu öld og er *Svartfugl* greinilega samin undir áhrifum frá henni.<sup>15</sup> Í grein sinni fullyrða Simonsen og Tamm að *Vaðlaklerkur*, sem má fella undir einkenni A, B og D á lista Weisbergs, afhjúpi hvernig persónulegir hagsmunir lögfræðinga og dómara geti togast á við ábyrgð þeirra í starfi. Einnig sé sagan áhugaverður efniviður í umræður um dauðarefsingar og falskar játningar. Í niðurlagi segja þau að oft sé „litið á glæpasögur sem bókmenntagrein sem höfðar til almennings en skorti fagurfræðilega og samfélagslega dýpt“.<sup>16</sup> Slíkur sleggjudómur eigi þó ekki við um *Vaðlaklerk*, enda hafi sagan komist á opinberan lista yfir tólf öndvegisverk danskra bókmennta og Blicher sé í hópi virtustu höfunda Dana. „Hinn heillandi margbreytileiki sögu hans gerir hana að ómissandi öndvegisverki á leslista þeirra sem leggja sig eftir rannsóknum á sviði laga og bókmennta,“ segja þau í niðurlagsorðum greinarinnar.<sup>17</sup> Við teljum að *Svartfugl* eigi einnig erindi inn á þennan vettvang.

## Svartfugl sem réttardrama

Umrædd verk Shakespeares, Camus og Blichers kallast í mismiklum mæli á við skáldsögu Gunnars Gunnarssonar. Í öllum verkunum fjórum er lýst framgangi dómsmáls en frá ólíkum sjónarhóli. Réttarhald er sviðsett (séð „utan frá“) í *Kaupmanninum frá Feneyjum*, því er lýst frá sjónarhóli sakbornings í *Útlendingnum* og frá sjónarhóli dómara í *Vaðlaklerki*. Í *Svartfugli* er sögumaður Eyjólfur Kolbeinsson, prestur á Saurbæ á Rauðasandi. Hann á ekki beina aðild að málinu en kemur bæði að rannsókn þess og réttarhöldunum yfir Bjarna og Steinunni. Inn í upprifjun Eyjólfss á atburðum blandast minningar hans um eigin kvonbænir. Þegar hann giftist Ólöfu, eiginkonu sinni, spillir hann fyrir yngri bróður sínum, Páli, sem hefur verið náinn Ólöfu. Nýtur prestur aðstoðar og stuðnings móðurbróður hennar, Amors Jónssonar, sem telur Eyjólf betra mannsefni en Pál. Frásögn prestsins, sem markast af samviskubiti yfir eigin misgjörðum, vekur upp sumar

<sup>15</sup> Sjá Jón Karl Helgason, „Sögulega sakamálasagan nemur land. Hugleiðing um *Vaðlaklerk* og *Svartfugl*“, *Aldingarður, rektadur handa Adalheiði Guðmundsdóttur sextugri 7. mars 2025*, ritstjórar Ásta Kristín Benediktsdóttir og Romina Werth, Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2025, bls. 31–33.

<sup>16</sup> Karen Margrethe Simonsen og Ditlev Tamm, „Lög og bókmenntir í dönsku samhengi“, bls. 117.

<sup>17</sup> Sama heimild, bls. 118.

af þeim spurningum sem hafa verið reifaðar í sambandi við hin verkin þrjú og ýmsar aðrar að auki. Eyjólfr samsamar sig nefnilega sitt á hvað með sakborningunum og dómssvaldinu og sér um leið heim laganna utan frá.<sup>18</sup>

Ef við höldum okkur við skilgreiningar Weisbergs er ljóst að *Svartfugl* hefur öll þau einkenni sem hann ræðir í lið A. Sagan lýsir ekki aðeins framgangi tiltekins dómsmáls í réttarsal heldur einnig rannsókninni sem leiðir til réttarhaldanna og loks afdrifum aðalsögupersónanna eftir að dómur hefur verið kveðinn upp. Upprifjun Eyjólfss á málavöxtum nær aftur fyrir þann tíma þegar grunur vaknar um að Bjarni og Steinunn hafi ráðið maka sína af dögum. Þá þegar er uppi orðrómur í sveitinni um að þau eigi í ástarsambandi. Jón, eiginmaður Steinunnar, hverfur í byrjun apríl, ári eftir að þau hjónin flytja að Sjöundá. Framan af er hann talinn hafa hrapað í sjó fram í svonefndum Skorarhlíðum, sunnan við bæinn. Guðrún, eiginkona Bjarna, deyr svo um sumarið heima á Sjöundá án þess að banamein hennar sé ljóst. Skömmu fyrir andlát sitt ýjar hún að því að Bjarni og Steinunn hafi reynt að drepa sig með eitri og ber út orðróm um samdrátt þeirra. Það veldur því að fram fer sérstök skoðun á líki Guðrúnar en hún leiðir ekkert markvert í ljós um dánarorsökina. Þegar lík Jóns rekur á land í septembermánuði fer fram skoðun á því. Er niðurstaðan sú að ekki sé allt með felldu og hefst þá formleg rannsókn á dauða þeirra beggja. Þungamiðja verksins er lýsing á réttarhöldunum sem lýkur með dauðadómi yfir Bjarna og Steinunni.

Í fljótu bragði virðist *Svartfugl* ekki falla undir lið B í lýsingu Weisbergs á skáldverkum þar sem lögfræðingur er aðalpersóna. Dómarinn í sögunni, Guðmundur Scheving sýslumaður, er aukapersóna og það sama á við um sækjandann og verjandann. Rödd Schevings hefur engu að síður mikið vægi í frásögninni, ekki síst þar sem honum er stillt upp sem andstæðum pól við séra Eyjólf. Að auki

<sup>18</sup> Fríða Á. Sigurðardóttir hefur bent á að Eyjólfr, sem sögumaður, sveiflist á milli andstæðna í frásögn sinni: „Frásagnarmáti [fyrr] hluta sögunnar er mjög persónulegur. Eyjólfr leynir hvorki hugsunum sínum, tilfinningum eða gerðum, þótt hann á stundum blygðist sín fyrir þær. Þannig fær lesandinn skýra mynd af þeim manni, sem segir frá, og treystir honum þar af leiðandi betur en ella mundi vera; frásögnin öll skilst einnig betur, því að Eyjólfr segir sögu Sjöundármála í ljósi sinnar eigin sögu. Þegar Eyjólfr skýrir frá samtölum og atburðum, sem ekki snerta hann sjálfan beint, verður frásögn hans öll ópersónulegri. Hann sjálfur hverfur í bakgrunn sögunnar, án þess þó að lesandinn gleymi honum, eins og t. d. í vitnayfirheyrslunum.“ Fríða Á. Sigurðardóttir, „Um Svartfugl. „Sögumaður herm þú mér ...““, *Mimir* 10: 2/1971, bls. 5–19, hér bls. 7. Einnig má benda á áhugaverða greiningu Ólafs Jónssonar á frásagnarhætti sögunnar og fleiri verkum Gunnars Gunnarssonar. Þar segir meðal annars: „Atburðir sögunnar eru séðir með hans [Eyjólfss] augum og að hans hætti, og í þeirri sjón er sjálfslýsing hans staðfest. Þetta væri nær að orða svo að „sjálf“ sagan gerist hið innra með Eyjólf.“ Ólafur Jónsson, „Skilgreining mannsins“, *Félagsbréf AB* 9: 4/1963, bls. 20–30, hér bls. 21.

tekur presturinn að sér ýmis hlutverk sem heyra fremur undir aðrar starfstéttir nú á dögum. Hann hefur í fyrsta lagi forystu um skoðun á líki Jóns og er þar í hlutverki matsmanns. Í öðru lagi lætur hann með brögðum skipa sig sem ritara dómsins og fylgist sem slíkur með yfirheyrslum yfir sakborningum og vitnum. Meðan á réttarhöldunum stendur á hann jafnframt í samskiptum við aðra sem þarna eru viðstaddir. Síðast en ekki síst knýr séra Eyjólfur að endingu fram játningar Bjarna og Steinunnar. Að öllu samanlögðu leikur hann lykilhlutverk í framgangi málsins og öflun sönnunarganga sem skipta sköpum fyrir dómsniðurstöðuna.

Ekki er sjálfsgefið að fella *Svartfugl* undir lið C í skilgreiningu Weisbergs. Tæplega er hægt að segja að tiltekin hlið laga, stakur lagabálgur eða framkvæmd laga móti uppbyggingu sögunnar, þótt vissulega séu réttarhöldin yfir Bjarna og Steinunni miðlæg í sögunni. Verkið gefur samt ágætt tilefni til að ræða margvísleg atriði í framkvæmd laga, til dæmis meðferð og mat á sönnunargögnum. Athygli er beint að matsgerðum sem aflað er með skoðun á líkum Jóns og Guðrúnar þar sem þess er freistað að skera úr um banamein þeirra. Einnig má með almennari hætti fjalla um hvílík áskorun það var að halda uppi virku réttakerfi á Íslandi á sögutímanum en um það efni takast dómariinn og klerkurinn á í sögu Gunnars.

Í þessu efni skarast liður C reyndar við lið D á lista Weisbergs sem á við skáldverk þar sem samband laga, réttlætis og einstaklings eru í brennidepli. Þetta er viðfangsefni sem Gunnari var sérstaklega hugleikið. Í niðurlagi *Svartfugls* er greint frá afdrifum Bjarna og Steinunnar, sem sitja í varðhaldi í Reykjavík þar til mál þeirra hefur verið endanlega útkljáð, fyrst af Landsyfirrætti og síðar af Hæstarætti í Kaupmannahöfn. Steinunn deyr í varðhaldinu skömmu áður en Bjarni er fluttur utan. Sögunni lýkur á því að ungur prestur, séra Hjörtur Jónsson sem fylgt hefur Bjarna utan og verið honum til sáluhjálpar við aftökuna, segir séra Eyjólf frá þeirri för. Þessir tveir kirkjunnar menn eru ekki samir eftir aðkomu sína að málinu. Samviskubit þjakar þá báða og minning séra Hjartar af nóturlegri aftöku Bjarna situr í honum. „Hartnær sá eini, sem ekki æpti og lét öllum illum látum, var sá, sem þarna var limaður og líflátinn; enginn getur verið við annað eins riðinn og ég þarna, án þess að honum hljóti að finnast eftir á, að hann hafi verk er jaðrar við morð á samviskunni,“ segir yngri presturinn meðal annars.<sup>19</sup> Slíkar efasemdir um hvort réttlæti fylgi framgangi réttvísinnar eru eitt af leiðarstefjum sögunnar. Af því sem að framan er rakið ætti að vera ljóst að *Svartfugl* sé meðal þeirra skáldverka sem eigi erindi í þverfaglegar umræður um lög og bókmenntir.

<sup>19</sup> Gunnar Gunnarsson, *Svartfugl*, Reykjavík: Bjartur, 2007, bls. 306. Hér eftir er vitnað til þessarar útgáfu með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

*Hvernig verður sannleikurinn til?*

Í *Svarfugli* reynast mats- eða skoðunargerðir á líkum hinna látnu afar mikilvæg sönnunargögn.<sup>20</sup> Tveir prestar koma þar við sögu; séra Eyjólfur Kolbeinsson sem í upphafi sögunnar segist vera „óverðugur kapellán við Saurbæjarkirkju í Rauðasandssókn innan Barðastrandarsýslu“ (bls. 29) og prófasturinn aldni, séra Jón Ormsson í Sauðlauksdal. Þeirra hlutverk er ekki síður veraldlegt en trúarlegt og hafa þeir aðkomu að öflun lykilsönnunargagna, það er rannsókn á líkum þess fólks sem Bjarni og Steinunn eru sökuð um að hafa myrt. Matsgerðir þeirra eru lagðar fram í dómi við aðalmeðferð málsins og sakborningar látnir svara til saka á grundvelli þess sem þar kemur fram, einkum í þeirri sem Eyjólfur ritar. Báðar matsgerðirnar hafa sín áhrif á framvindu mála. Auk þess veitir höfundur sögunnar lesendum aðgang að hugarheimi matsmanna. Sagan gefur þannig ágæta hugmynd um það sem gæti átt sér stað við sambærilegar aðstæður, án þess að slíkt rati nokkurn tíma inn í dómsskjöl eða matsgerðirnar sjálfar.

Eins og fram hefur komið hverfur Jón, eiginmaður Steinunnar, að áliðnum vetri og Guðrún, kona Bjarna, deyr um sumarið. Vegna hins þráláta orðróms um samdrátt Bjarna og Steinunnar og sögusagna um að þau kunni að hafa fyrirkomid Guðrúnu er séra Jóni falið að stýra rannsókn á líki hennar áður en það er jarðsett. Hann lætur til leiðast að taka þetta að sér en hafði fram að því lítið viljað vita af sögusögnum um framhjáald, hvað þá glæpi, á Sjöunda. Hann hafði ekki heldur hirt um að fara í vísitasíu á bæinn, ýmist afsakað sig með ófærð, háliku eða fótameini þegar þrýst var á hann. „Í heimi síra Jóns Ormssonar var syndin varla til; mannanna börn haldin kenjum og keipum, þá verst gegndi. Veröld hans var vonarheimkynni fremur en virkileika,“ er skýring séra Eyjólfss á tregðu aldna prestsins til að bregðast við hinum illa orðrómi (bls. 82). En það má líka líta svo á að séra Jón sé sú manngerð sem eindregið forðast að taka á erfiðum málum.

Kista Guðrúnar er opnuð að viðstöddum matsmönnum og þeim kirkjugestum sem áhuga hafa á að fylgjast með. Matsmenn sjá engin augljós merki um misþyrmingar, ef frá er talið mar eða blámi á bringu Guðrúnar. Einn þeirra, Sigmundur á Stökkum, tekur svo til orða:

Þessi blái blettur hjá viðbeininu – ég veit sosum ekki, stamaði monsjör Sigmundur: Holdið er ekki öðruvísi viðkomu þar en annars staðar – bólgu eða þrota gætir ekki. [...] Að það stafi af eitri kemur vart til

<sup>20</sup> Í réttarfarslögum eru skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir einu nafni nefndar matsgerðir eða mat, sbr. 1. mgr. 60. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 og 1. mgr. 127. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Verður það sama gert hér á eftir.

mála – en hvað er að marka mig. Þetta er fyrsta líkið, sem ég þukla. En hvernig er það með kviðinn? Var konan þunguð? (bls. 86)

Séra Jón bregst við þessari lýsingu með því að skýra það sem sést á líkinu með sínum hætti: „Og blái bletturinn – úr því að þú ert svona óvanur að sjá umbúðir duftsins andarfana, veist þú sennilega ekki, að í dauðanum eða eftir hann bregður bláum skugga oft á hold, þar sem verkur hefur legið undir“ (bls. 86). Í framhaldi spyr prestur „hvort nokkur sá sé hér staddur, er hafi vitneskju eða þó ekki sé nema réttmætan grun um, að Guðrún heitin hafi ekki dáið eðlilegum dauðdaga. Treystir nokkur sér til þess?“ (bls. 86). Þetta er leiðandi spurning. Fáeinir segja nei, annars þegja viðstaddir. Að þessu sögðu lýkur rannsókn á líki Guðrúnar og er hún jarðsett. Síðar fær séra Jón á baukinn fyrir að hafa staðið illa að þessari rannsókn og lætur Scheving dómari í veðri vaka að skýrsla prestsins stappi nærri yfirhýlmingu.

Síðari matsgerðin, sú sem unnin er undir stjórn séra Eyjólfss, er á líki sem rekur á fjörur Rauðasands haustið eftir og sannreyna menn að þetta sé lík Jóns, eiginmanns Steinunnar. Ólíkt séra Jóni vill séra Eyjólfur vinna verk sitt eins vel og unnt er. Við fyrstu skoðun líksins, sem fer fram í flæðarmálinu, vekur hola á hálsi þess athygli. Í fyrstu skýrslunni sem Eyjólfur skrifar samdægurs getur hann um holuna, lýsir henni og segir síðan: „Þætti okkur sennilegast, að hún stafaði af stungu, væri verk framið af mannahöndum“ (bls. 97). Undir þessa skýrslu rita séra Eyjólfur og hinir skoðunarmennirnir fjórir: Þegar presturinn er orðinn einn reynir hann að gera sér grein fyrir áhrifum matsgerðarinnar:

Áður en ég sat eftir einn í kompu minni, hafði ég verið handviss um, að einmitt með því að haga orðum mínum á þá lund, sem ég gerði, gæti ég ábyrgst skýrsluna bæði fyrir guði og mönnum.

Það var ekki fyrr en hinir voru farnir, að mér varð fyllilega ljóst, að þarna hafði ég setið og samið – og síðan auk mín fjórir menn aðrir undirritað – dóminn yfir Bjarna á Sjöundá.

Úr þessu yrði engu hnikað. (bls. 97)

Ög það má til sanns vegar færa. Þarna upphefst hin eiginlega sakamálarannsókn því matsgerðin ber með sér að matsmenn telji víst Jón hafa verið veginn og að sagan um að hann hafi hrapað fyrir björg fái ekki staðist. Eftir því sem séra Eyjólfur hugleiðir málið betur verður hann angistarfyllri – enda er í húfi ábyrgð hans sjálfs: „Var ég þá dómari! Var ég böðull?“ hugsar hann þegar hann horfir á það sem hann hefur skrifað: „„Verk framið af mannahöndum.“ „Talinn hafa hrapað.““ (bls. 98).

Ólík afstaða prestanna tveggja til þess hvernig rétt er að bregðast við orðrómi eða grun um að voðaverk hafi verið framin á Sjöunda endurspeglast vel í matsgerðunum sem þeir bera ábyrgð á. Séra Jón gerir það sem í hans valdi stendur til að kveða niður orðróm um glæp, gera lítið úr sögusögnum. Hann lætur undir höfuð leggjast að heimsækja Sjöunda og dregur að lokum hæpnar ályktanir af útliti líks Guðrúnar. Því er öðruvísi farið með séra Eyjólf, hann getur ekki lítið undan, jafnvel þótt hann langi til þess. Samt er hann að kikna undir ábyrgðinni sem hann finnur að hvílir á hans herðum. Í ljósi aðstæðna má spyrja um áreiðanleika ályktana Eyjólfs og þeirra manna sem stóðu að matsgerðinni varðandi meintan áverka á líki Jóns.<sup>21</sup> Hér er áhugavert að velta fyrir sér hvernig matsgerðin á líki Jóns hefði lítið út ef séra Jón hefði skrifað hana en ekki séra Eyjólfur. Hefði gamli presturinn ályktað að holan á hálsi hins látna stafaði sennilegast „af stungu, væri verk framið af mannahöndum“ (bls. 97)?<sup>22</sup>

Nokkru síðar, þegar sýslumaður hefur fyrirskipað að lík Jóns skuli rannsakað frekar, getur séra Jón ekki stillt sig og segir: „Væntanlega gerir þú þér grein fyrir, hverju þú hefur hrundið af stað, síra Eyjólfur?“ (bls. 107). Það fer ekki á milli mála hve stóran þátt yngri presturinn á í því að málið verður að sakamáli. Breytir engu þótt heldur sé dregið úr, eftir síðari skoðun á líkinu, vissunni um að ofbeldisverk hafi banað Jóni. Við getum velt fyrir okkur hvort málið hefði verið rannsakað sem sakamál ef ekki hefði verið valið í matsgerðinni að segja frá því að hola væri á hálsi líksins og sett fram tilgáta um hvernig hún hafi orðið til. Rétt er að undirstrika að Bjarni þrætir alltaf fyrir að hafa veitt hinum látna þennan áverka.

Áhugavert er að setja málið í samband við grundvöll þess fyrirkomulags í réttarfari sem við búum við varðandi stöðu matsgerða sem sönnunargagna. Reglan

<sup>21</sup> Margir túlkendur sögunnar hafa bent á að afstaða séra Eyjólfs til málsins og eigin ábyrgðar á þróun þess mótist af samviskubiti hans gagnvart bróður sínum. Um þetta efni segir Friða Á. Sigurðardóttir til að mynda: „[Eyjólfur] þekkir af eigin raun þær sterku tilfinningar, sem verða til þess að steypa þeim Bjarna og Steinunni í glötun. Tilfinningaofsi, ást, hamur og beiskja, allt þetta þekkir hann úr eigin sál eftir skipti sín við Pál, bróður sinn, og Ólöfu yngri frá Keflavík, sem Eyjólfur tekur sér fyrir konu, en Páll hafði ætlað sér. Það orsakar, að Eyjólfur skilur Bjarna og Steinunni betur, ef til vill betur en hann óskar sér, og tengist þeim fastari böndum.“ Friða Á. Sigurðardóttir, „Um Svartfugl“, bls. 8. Ýmsir hafa einnig bent á tengsl milli verksins og einkalífs Gunnars sjálfs, sem eignaðist barn utan hjónabands árið sem *Svartfugl* kom fyrst út á dönsku og „þekkti af eigin raun ástarþríhyrning og sektarkennt yfir óleyfilegri ást“. Jón Yngvi Jóhannsson, „Formáli“, bls. 16. Sjá einnig Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf. Öfvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2006, bls. 165.

<sup>22</sup> Fróðlega umræðu um ólíka afstöðu séra Eyjólfs og séra Jóns til málsins má m.a. finna í Dagný Kristjánsdóttir, „Synd er ekki nema fyrir þræla. Um þema og hneigð í *Svartfugli* eftir Gunnar Gunnarsson“, *Skírnið* 152: 1/1978, bls. 77–106, hér bls. 95–98.

er sú að ef sanna þarf eitthvert atriði sem talið er að dómari geti ekki lagt mat á, út frá almennri þekkingu sinni eða þekkingu á lögum, er heimilt að afla matsgerðar. Réttarfarsreglur kveða á um að dómkvaddir séu sérfróðir skoðunar- eða matsmenn til að skera úr um vafaatriði; þeir eru trúnaðarmenn dómsins, en ekki aðilar máls, og ber að semja matsgerð þar sem svarað er tilteknum spurningum sem settar eru fram í matsbeiðni. Þetta eru spurningar á borð við: „Hver er dánarorsök/líklegust dánarorsök?“ og „Hver er líkleg dánarstund?“ Matsmenn verða eins konar handhafar sannleikans, þess sannleika sem lagður er til grundvallar úrlausn viðkomandi dómsmáls. Sá sem vill hnekkja niðurstöðu vandlega unninnar matsgerðar á verulega á brattann að sækja, svo ekki sé meira sagt. Það stafar ekki síst af því að í íslensku sakamálaréttarfarir eru vitnaleiðslur sérfræðivitna ekki heimilar, ólíkt því sem þekkist víða í löndunum í kringum okkur (og við þekkjum vel úr breskum og amerískum kvikmyndum).<sup>23</sup>

Í *Svartfugli* eru prestarnir tveir í áþekku hlutverki og dómkvaddir matsmenn í réttarfarir nútímans en reglur um matsgerðir þeirra síðarnefndu er að finna í núgildandi lögum um meðferð sakamála og einkamála.<sup>24</sup> Tilgangur matsgerða dómkvaddra matsmanna er að fá skoðun eða álit utanaðkomandi sérfróðs manns, sem dómari tilnefnir á formlegan hátt, á því hvað sé staðreynd í ákveðnu tilviki.<sup>25</sup> Slíkt er líka hlutverk séra Jóns og séra Eyjólfss. Þeim er falið að vinna matsgerðir sem verða sönnunargögn í sakamálinu á hendur Bjarna og Steinunni. Þeir bera um sérfræðileg atriði sem ekki er á færi dómara að meta – það er dánarorsök. Vitaskuld ber ýmislegt á milli skýrslna þeirra og matsgerða sérfróðra matsmanna í samtímanum, enda eru hvorki prestarnir né aðrir sem koma að skýrslugerðinni sérfræðingar á viðkomandi sviðum. Þeim er fremur falið verkið sökum stöðu sinnar í samfélaginu. En þar sem Gunnar Gunnarsson segir okkur í *Svartfugli* af persónulegum högum matsmanna, hugsunum þeirra og lífsskoðunum, fáum við áhugaverða innsýn í hvernig hinn mannlegi veruleiki, sem býr að baki ályktunum, getur haft áhrif á þær.

Lýsingin á matsvinnu prestanna og áhrif niðurstaðna þeirra á framvindu sögunnar dregur einnig athygli að því hvaða annmarkar geta verið á matsgerðum sem sönnunargögnum. Skoða mætti til samanburðar dæmi úr nýlegum

<sup>23</sup> Almenna umfjöllun um gildi matsgerða í sakamálum er að finna í Eiríkur Tómasson, „Matsgerðir dómkvaddra manna í sakamálum“, *Stefánsbók*, ritstjóri Valtýr Sigurðsson, Reykjavík: Fons Juris, 2018, bls. 127–148.

<sup>24</sup> Í XIX. kafla sakamálalaga nr. 88/2008 eru ítarleg ákvæði um matsgerðir í sakamálum en ákvæðin eru að miklu leyti sniðin eftir sambærilegum ákvæðum í IX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

<sup>25</sup> Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfarir*, Reykjavík: Úlfjótur, 2003, 2. útg., bls. 228–229 (3. útg. 2013, 4. útg. 2019).

dómum sem varpa ljósi á þau vandamál sem geta fylgt því að leita sannleikans með þessum hætti og jafnframt að skoða aðrar viðurkenndar aðferðir sem notaðar eru í sama tilgangi erlendis. Það er lærdómsríkt fyrir laganema að velta fyrir sér kostum og takmörkunum mismunandi aðferða og þá ekki síst að bera þær aðferðir, sem hafa unnið sér sess í íslenskri lögfræði, saman við hefðir í öðrum réttarkerfum.<sup>26</sup>

### *Frá bæjapvaðri til játninga fyrir dómi*

Hin eiginlega sakamálrannsókn hefst eftir að sjórekið lík Jóns Þorgrímssonar finnst á Rauðasandi, við nes sem kallað er Bjarnarnes. Bjarni er handtekinn og færður í varðhald fyrst um sinn á prestsetrið við Saurbæjarkirkju en síðar fluttur á bæ sýslumannsins á Haga. Steinunn hefur skömmu áður verið flutt inn á Barðaströnd, í fæðingarhrepp sinn. Þau neita bæði staðfastlega sök og sönnunargögn um ætlaða glæpi þeirra eru af skornum skammti. Engin vitni eru að meintri atlögu þeirra að mökum sínum, sögusagnir um tilraun þeirra til að drepa Guðrúnu með rottueitri byggja á frásögn Guðrúnar einnar. Skoðun á líki hennar er yfirborðskennd og leiðir ekkert sérstakt í ljós. Sjórekið og illa farið lík Jóns, sem menn telja ekki að beri merki þess að hann hafi hrapað fyrir björg, getur vart verið traustur grundvöllur sakfellingar, hvað sem líður ályktunum matsmanna um orsakir holu á hálsi líksins. Staða ákærvaldsins er því ekki sérlega sterk í lok fyrsta dags réttarhaldanna yfir Bjarna og Steinunni þar sem þau hafa bæði verið yfirheyrð í þaula og hvorugt þeirra hvíkað frá fyrri framburði um sakleysi af ákæru um að hafa myrt maka sína. Steinunn viðurkennir þó í lok yfirheyrslu þessa dags að Bjarni kunni að hafa sett eitthvert duft í grautarausu sem hún færði Guðrúnu nokkru fyrir andlát hennar og styrkir þannig ásakanir Guðrúnar um að þau Bjarni hafi reynt að drepa hana með eitri.

Guðmundur Scheving sýslumaður er þreyttur og ekki sérlega vongóður þegar hann fer yfir sönnunarstöðu málsins í lok dags og tínir til ósamræmi í framburði sakborninga:

„[...] Samt sé ég ekki betur en að úr því okkur vantar algerlega *corpus delicti*, höfum ekki í okkar vörslum lík hinna látnu né önnur verksum-

<sup>26</sup> Sjá til dæmis grein Skúla Magnússonar „Utanréttarvottorð og sérfræðivitni sem sérfræðileg sönnunargögn“, *Hæstiréttur og Háskóli Íslands. Rit til heiðurs Hæstarétti 100 ára*, ritstjórar Kristín Benediktsdóttir, Árni Kolbeinsson, Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson, Reykjavík: Fons Juris, 2020, bls. 33–64. Í greininni er að finna samamburð á ólíkum réttarkerfum að því er varðar öflun sérfræðiálita sem sönnunargagna, einkum í einkamálum.

merki, og loku fyrir skotið, að nokkur sjónar- eða vitundarvottur gefi sig fram, verðum við með góðu eða illu að knýja fram játningu annars hvors eða beggja. Treystir sækjandi sér til þess?“ (bls. 176)

Sækjandinn svarar ekki með öðru en snörli í nösum og kemur fram sú hugmynd að virkja séra Eyjólf í þessu augnamiði. Þá um kvöldið eiga þeir Scheving áhuga-vert samtal um tilgang þess að fá fram játningar Bjarna og Steinunnar og virðist dómaramum sem það liggi beinast við að presturinn hlutist til um það.

Áður en að því kemur að séra Eyjólfur hitti Bjarna og Steinunni er réttur settur á ný, að morgni annars dags réttarhaldanna. Leiddur er fyrir dóminn fjöldi sveitunga hinna ákærðu. Þeir eru spurðir spjörunum úr um samlífið á Sjöunda og andlát Jóns og Guðrúnar. Vitnin geta ekki borið um neitt sem þau hafa séð eða reynt af eigin raun sem tengist ákæruatriðum málsins. Þau bera öðru fremur fyrir sig orðróm sem styrkt getur ályktanir, ýmist um sekt eða sakleysi sakborninga. Þegar líður á daginn lætur verjandi Bjarna og Steinunnar, Guðmundur Sigmundsson, í ljós efasemdir sínar: „Enn sem komið er hef ég hér í réttarsalnum ekki heyrt annað en bæjapvaður. Er málið frá rótum annað og meira, mér er spurn?“ (bls. 203–204). En Scheving horfir öðruvísi á málið:

Er hægt annað en líta svo á, að þau hugarfóstur, sem grunurinn um illan verknað hefur alið með almenningi, sé ennþá ofboðslegri en ódæðið sjálft? Þær biksvörtu bollaleggingar og þá ógnardrauma, sem grunsemdafaraldurinn hefur hleypt af stað, er ekki unnt að afmá nema með einu móti: Þau seku verða að deyja – hvort sem þau eru sek um drápin eða ekki, liggur mér við að segja. (bls. 222)

Þessi orð lætur dómariinn falla í einkasamtali við séra Eyjólf í réttarhléi, um það leyti sem skýrslutökum yfir vitnum er að ljúka. Og hann bætir við: „*Sek* eru þau; það sér hver maður. En sek um hvað? Það er gátan. Sannleikurinn er ákjósanlegastur, en alls ekki ómissandi“ (bls. 223).

Það er áhugavert að greina þá stöðu sem Scheving virðist kominn í. Hvaða forsendur hefur dómari, sem er sannfærður um sekt sakborninga, til að komast að niðurstöðu sem ekki er í samræmi við þá sannfæringu? Hér er í öllu falli ekki lýst réttarfari sem miðar að því að hið sanna og rétta komi í ljós og „að gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar“, eins og hlutlægniskyldu rannsakenda er lýst í sakamálalögunum.<sup>27</sup> Jafnframt er ástæða til að velta fyrir

<sup>27</sup> Sjá 2. mgr. 53. gr. sakamálagaga nr. 88/2008.

sér valdaójafnvæginu á milli sakborninganna og þeirra sem véla um örlög þeirra. Þá er áhugavert að skoða stöðu málsins út frá sjónarhóli sönnunar í sakamálum og reglunnar um sönnunarbyrði ákærvaldsins. Hver hefðu líkleg útslit málsins orðið ef það hefði verið dómtekið í þeim búningi sem það var í lok fyrsta dags réttarhaldanna? Hvaða sönnunargagna hefur ákærvaldið aflað til stuðnings því að málið sé ekki tómmt „bæjaþvaður“, eins og verjandinn hafði á orði í lok vitna-yfirheyrslna?

Réttahöldunum lýkur ekki þarna. Í hönd fer andvökunótt sakborninga og séra Eyjólf, sem markar þáttaskil sögunnar og dómsmálsins. Í morgunsárið lætur prestur þau skilaboð ganga til Schevings sýslumanns að sakborningar séu reiðubúin að jata. Og í dagslok liggja fyrir skýrar og skjalfestar játningar þeirra beggja um morð að yfirlögðu ráði á mökum beggja. Hafi verið á brattann að sækja fyrir ákærvaldið deginum áður að ná fram sakfellingu í málinu þá hefur staðan nú gjörbreyst. Höfundur *Svartfugls* lætur Eyjólf lýsa atburðarás næturinnar með fremur óljósum hætti og leggur á herðar lesenda að velta fyrir sér hvernig sinnaskipti sakborninga komu til. Til samanburðar er hér tilefni til að skoða önnur þekkt sakamál þar sem sakfelling hvílir fyrst og fremst, eða jafnvel einvörðungu, á játningum sakborninga. Í því efni er nærtækt að skoða með gagnrýnum hætti hvaða hættur geti falist í því að byggja sakfellingu á játningu sem ekki er studd öðrum gögnum, jafnvel þótt hún virðist rökrétt eða falli vel að hugmyndum dómarans um það sem líklegast er að hafi í raun gerst.<sup>28</sup>

Þá er ekki síður áhugavert að skoða hlutverk verjanda í tengslum við síðari framburð Bjarna og Steinunnar þar sem þau viðurkenna sök fyrir dómi. Í framburði þeirra endurspeglast með skýrum hætti hve óheppilegt er að þau skuli hafa sama verjandann. Þegar hér er komið sögu fara hagsmunir sakborninganna ekki saman og hefði verið æskilegt að hvort um sig hefði sinn verjanda sem hefði hagað vörn í samræmi við hagsmuni síns umbjóðanda. Sú er ekki raunin í máli Bjarna og Steinunnar. Í reynd er hlutverk verjandans eitt af því sem hve ræki-

<sup>28</sup> Hér má einnig gefa því gaum að jafnvel þótt eindregin játning sakbornings liggja fyrir ber dómara að leggja mat á þann framburð eins og önnur sönnunargögn. Dómari getur ákveðið þegar svo stendur á, þótt að sönnu sé það ekki algengt, að fram fari munnlegur málflutningur enda er það meðal skilyrða þess að skýlaus játning verði lögð til grundvallar niðurstöðu máls að dómari telji ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleikanum samkvæm, sbr. 1 mgr. 164. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Þá hefur mikið verið rætt og ritað um sönnunargildi játninga sakborninga. Sjá meðal annars nýlega grein þar sem Gísli H. Guðjónsson fyrrverandi prófessor í réttarsálfræði er meðal höfunda. Saul M. Kassin, Hayley M.D. Cleary, Gísli H. Guðjónsson, Richard A. Leo, Christian A. Meissner, Allison D. Redlich, Kyle C. Scherr. „Police-Induced Confessions, 2.0: Risk Factors and Recommendations“, *Law and Human Behavior* 49: 1/2025, bls. 7–53, <https://doi.org/10.1037/lhb0000593>.

legast minnir á að sagan lýsir réttarfari í máli fátæks íslensks alþýðufólks í byrjun nítjándu aldar. Jafnvel í málum þar sem sekt er hafin yfir skynsamlegan vafa er hlutverk verjanda afar mikilvægt og ber honum að draga fram málsbætur og annað það sem horfir til mildunar refsingarinnar – halda uppi raunverulegri málsvörn. Það fer lítið fyrir henni í máli Bjarna og Steinunnar.

### *Skilvirkt réttarkerfi í strjálbýlu landi*

Sú veika vörn sem færð er fram í málinu tengist í raun annarri og almennari spurningu um hvernig skilvirku stjórnkerfi verði best komið á fót og því viðhaldið. Stjórnspekingar hafa glímt við þetta viðfangsefni frá örófi alda og smíðað kenningar um hina æskilegu stjórnskipun. Meðal þekktustu og áhrifamestu skrifa í þessa veru eru stjórnspekirit Aristótelesar og valdgreiningarkenning Montesquieu. Sú síðarnefnda liggur til grundvallar stjórnskipan margra ríkja í okkar heimshluta sem hafa þó útfært hana með ýmsum hætti.<sup>29</sup>

Í nútímastjórnskipunarkenningum er jafnan gert ráð fyrir því að ríki búi yfir réttarkerfi með tilheyrandi stofnanakerfi, valdgreiningu, menntuðum embættismönnum, faglegri stjórnsýslu, greiðum boðleiðum og samgöngum og svo mætti áfram telja. Slíkt kerfi byggist, með öðrum orðum, á ýmsum forsendum sem lesendum *Svartfugls* verður ljóst að skorti á Íslandi snemma á nítjándu öld. Á þeim tíma bjó hér fámenn þjóð í strjálbýlu landi, menntun var af skornum skammti, fátækt mikil og samgöngur erfiðar. Landið bjó einfaldlega ekki yfir þeim innviðum sem nauðsynlegir eru til þess að viðhalda skilvirku réttarkerfi og gert er ráð fyrir af löggjafanum. Hvernig bregðast menn við slíkum aðstæðum?

Íslendingar eru ekki þeir einu sem staðið hafa frammi fyrir slíkum spurningum. Allt frá upphafi hafa stjórnspekingar horfst í augu við þá staðreynd að raunverulegar aðstæður í ríki geti krafist þess að vikið sé frá ítrustu kröfum stjórnskipunarkenninganna og þær aðlagðar praktískum veruleika. Sem dæmi má nefna að einn af stofnfeðrum Bandaríkjanna, James Madison, taldi að aðstæður í landinu byðu tæplega upp á það að valdgreiningarhugmyndinni væri fylgt út í ystu æsar þar og taldi rétt að víkja í ákveðnum efnum frá hreinustu mynd hennar.<sup>30</sup>

*Svartfugl* gefur okkur gott hráefni til vangaveltna á þessu sviði. Eftirminnilegt dæmi er samtal séra Eyjólfss og Schevings dómara eftir að dómur hefur fallið.

<sup>29</sup> Sjá til dæmis Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon, *Kaflar í réttarheimspeki*, Reykjavík: Bókaútgáfan Codex 2014, kafli VII.

<sup>30</sup> Sjá í þessu sambandi 51. bréf. Alexander Hamilton, James Madison, John Jay, *The Federalist Papers*, ritstjóri Clinton Rossiter, New York: Mentor 1999.

Prestur færir það í mál að sakborningum verði sýnd miskunn og stingur upp á að bréf verði sent til konungs með ósk um náðun til þess að forða Steinunni og Bjarna frá fallöxinni. Svar dómarsins er á þessa leið: „Nei, það er ekki hægt. Til þess eru allt of margir afskekktir bæir á öru landi Íslandi. Bæir á borð við Sjöunda. Við getum ekki látið það komast upp í vana, að því fólki, sem á einhvern hátt er til óþæginda, sé lógað heima. Það getum við ekki, það segi ég yður í fullri vinsemd, síra minn“ (bls. 290). Jón Yngvi Jóhannsson hefur gert þessi orð sýslumannsins að umræðuefni og sagt: „Orðalag sýslumannsins er ósmekklegur hálfkæringur þar sem alþýðu manna er líkt við dýr, og undirliggjandi er auðvitað sú sannfæring að leyflegt sé að lifláta fólk, sem er til óþæginda á þann hátt sem Bjarni og Steinunn eru, á lögformlegan hátt og opinberlega“.<sup>31</sup> En má ekki skilja ummæli sýslumannsins á annan veg, túlka orðalagið „lóga heima“ svo að það vísi til meintra glæpa Bjarna og Steinunnar? Er Scheving ekki að benda á hinar bágbornu aðstæður í landinu og áhrif þeirra á réttarframkvæmd?

Í ljósi þess hve landið er strjálbýlt og réttarkerfið veikburða eru líkurnar á því að fólk komist upp með glæpi miklar. Viðbrögð kerfisins við því eru að þyngja refsingarnar og minnka þannig líkurnar á því að almenningur telji það þess virði að fremja glæpi. Við skiljum orð sýslumannsins á þann veg að sporna verði hart við því að fátæku fólki sé slátrað eins og dýrum heima við. Eina færa leiðin til þess að vernda manneskjur eins og Jón og Guðrúnu gagnvart slíkum örlögum er að bregðast við af fullum þunga þegar upp kemur orðrómur um glæpi eins og þá sem ætlað er að hafi verið framdir á Sjöunda. Raunar gengur sýslumaður svo langt í hugmyndum sínum um mikilvægi fælingarmáttar refsilöggjafarinnar að hann virðist telja að sakfelling kunni að vera nauðsynleg enda þótt sönnun um sekt liggi ekki fyrir. Þó að stéttaskipting innan þjóðfélagsins birtist með ýmsum hætti í *Svartfugli* gefa tilvitnuð ummæli sýslumannsins jafnframt tilefni til stjórnspekilegra vangaveltna um réttarríki, hlutverk refsinga og það hvernig réttarkerfi eru líkleg til þess að bregðast við skorti á nauðsynlegum innviðum.

Annar vitnisburður um fámenni og menntunarleysi í landinu er sú samþjöppun opinbers valds sem birtist í réttarhöldunum í *Svartfugli*. Þar er sýslumaður allt í öllu, hvort sem er á sviði framkvæmdarvalds eða dómsvalds. Scheving stýrir

<sup>31</sup> Jón Yngvi Jóhannsson, „Formáli að Svartfugli“, bls. 20. Því má bæta við að í áður nefndri grein ræðir Dagný Kristjánsdóttir stéttaskiptinguna sem birtist í bókinni og kemst að eftirfarandi niðurstöðu: „Guðmundur Scheving er stéttvís maður, fulltrúi hins veraldlega kúgunarvalds og hann gerir sér engar grillur um miskunnsemi við seka alþýðumenn.“ Dagný Kristjánsdóttir, „Synd er ekki nema fyrir þræla“, bls. 105. Jón Yngvi tekur undir þetta í sínum formála og þó að við teljum hann mistúlka umrædda tilvitnun getum við tekið undir það að Scheving telji sig „hátt yfir fólk eins og Steinunni og Bjarna hafinn“. Jón Yngvi Jóhannsson, „Formáli að Svartfugli“, bls. 20.

rannsókn málsins, skipar kunningja sinn sem sækjanda, yfirheyrir sakborninga og vitni og semur dóminn. Meðvitund hans um þau ólíku og jafnvel mótsagna-kenndu hlutverk sem hann leikur birtist vel þegar hann segir við séra Eyjólf: „Þér megið ekki halda, að það sé sem rannsóknardómari, að ég hef kvatt yður á minn fund“ (bls. 181). Það er óljóst hvort Scheving sé í framhaldi að tala við prestinn sem sýslumaður eða einfaldlega sem kunningi.

Sú skipan að sýslumenn utan Reykjavíkur færu bæði með dómsvald og framkvæmdarvald hélt lengi á Íslandi, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar um skiptingu valdsins. Aðgreining valdsins varð í áföngum, fyrst í höfuðstaðnum og síðar úti á landi. Það var ekki fyrir en með hinum stefnumarkandi dómi Hæstaréttar Íslands frá 1990 að vikið var frá fyrri fordæmum og komist að þeirri niðurstöðu að umræddur samruni framkvæmdarvalds og dómsvalds stæðist ekki stjórnarskrána. Í rökstuðningi Hæstaréttar er ýmislegt tínt til um breytta afstöðu réttarins, þar á meðal er vísað til breyttra aðstæðna í landinu: „Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður, sem bjuggu því að baki, að sömu menn fara utan Reykjavíkur oftsinnis bæði með stjórnsýslu og dómstörf, hafa nú minni þýðingu en fyrir, meðal annars vegna greiðari samgangna en áður var.“<sup>32</sup> Í dómnum er þannig vísað til þess að umrædd samþjöppun valds verði ekki lengur réttlætt með vísan til bágborinna innviða í landinu.

### *Regluefi og staðreyndaefi*

Viljum við halda á heimspekilegri mið þá gefur *Svartfugl* laganemum einnig efnivið til að skoða þekkingarfræðilegar forsendur fagsins. Gunnar Gunnarsson spinnur nefnilega í verki sínu áhugaverðan sálfræðilegan og réttarheimspeki-legan þráð sem hverfist um vandann við að finna hvað er sannleikur og hvaða sannleikur það er sem máli skiptir við úrlausn dómsmála. Þetta er viðfangsefni sem tengist náið störfum dómara, saksóknara og annarra sem þurfa að ákveða hvaða atvik skuli lögð til grundvallar úrlausn máls, þ.e. hvort sönnun um atvik „sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin“, eins og það er orðað í 109. gr. sakamálalaganna.<sup>33</sup>

Í *Svartfugli* gengur efi séra Eyjólfss eins og rauður þráður í gegnum söguna. Hann er angistarfullur þegar honum verður ljóst að matsgerð hans á líki Jóns hefur hrundið af stað sakamálarannsókn, hann efast um hvort og hvernig hann

<sup>32</sup> Hrd. 1990, bls. 2. Töluvert hefur verið fjallað um dóminn í íslenskri lögfræði. Sjá til dæmis Skúli Magnússon, *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almenntri lögfræði og réttarheimspeki*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, III. kafli.

<sup>33</sup> Sjá. 1. mgr. 109. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

eigi að blanda sér í rannsókn málsins og er tvístígandi varðandi sekt eða sakleysi Bjarna og Steinunnar. Hæstum hæðum nær angist hans þegar dómari málsins felur honum að framkalla játningar sakborninga. Efi Eyjólfss snýst bæði um hvað gerðist í raun og hvernig rétt sé að bregðast við atburðunum.

Með vísan til efa Eyjólfss er nærtækt að skoða hve huglægt og flókið ferli það getur verið að velja þau atvik eða þær aðstæður sem telja verður sannað, eða hafið yfir skynsamlegan vafa, að hafi átt sér stað í hverju máli. Í málaferlum fyrir dómstólum er gjarnan tekist á um tvær eða fleiri frásagnir af því sem gerðist, gögn málsins geta verið afar umfangsmikil og sagt ýmsar ólíkar sögur af atvikum máls sem sumar eru misvísandi eða að minnsta kosti óljósar. Hlutverk dómara er að semja atvikalýsingu, það er að segja frá því sem gerðist að því leyti sem það skiptir máli fyrir niðurstöðu málsins. Ekki er unnt að greina frá öllu, dómari þarf að velja hvað af öllum þeim upplýsingum sem liggja fyrir í máli skipta sköpum, hvaða atvik á að reifa, hvernig á að reifa þau, hverju á að sleppa. Það er mikil einföldun, jafnvel blekking, að halda því fram að þetta sé hlutlæg úrvinnsla sem ekki feli í sér margvíslegt huglægt mat.

Áhugavert er að skoða framangreindan þráð um efann og sönnunarmatið út frá réttarheimspekilegu sjónarhorni amerískra raunsæismanna sem í upphafi tuttugustu aldar höfðu mikil áhrif á réttarheimspekina vestanhafs. Þeir höfnuðu ríkjandi hugmyndum um lögin sem byggðust meðal annars á þeirri forsendu að unnt væri að rannsaka lögfræði með aðferðum raunvísinda eða rökfræðinnar. Meðal annars gerðu þeir athugasemdir við að hægt væri að komast að rétttri niðurstöðu máls með því að rannsaka lagaregluna og lagalegar aðferðir við beitingu hennar og geta með því spáð með vissu fyrir um niðurstöðu dóms í tilteknu máli eða við tiltekna aðstæður. Bandarískir lögspekingar á væng raunsæishyggu töldu það tálsýn að lagakerfið væri rökrétt kerfi reglna sem fæli í sér áreiðanlegan og fyrirsjáanlegan grundvöll lagareglu sem væri óháð pólitískum og siðferðilegum skoðunum dómara.<sup>34</sup>

Raunsæismenn buðu upp á annars konar þekkingarfræðilegan grundvöll lögfræðirannsókna. Einn róttækasti forvígismaður raunsæisstefnunnar, Jerome

<sup>34</sup> Margt hefur verið skrifað um frumherja bandarískrar raunsæisstefnu og oftast er á því byggt að raunsæismenn hafi viljað hafna því sem kallað var hefðbundin lagahugsun (e. *classical legal thought*) eða því sem oft er vísað til sem formalisma í lögum. Sjá til dæmis Samuel Aber, „Legal Realism. An LPE Reading List and Introduction“, 10. ágúst 2020, sótt 4. júní 2025 af <https://lpeproject.org/wp-content/uploads/2020/07/Legal-Realism-Primer.pdf>. Þess má geta að Rosco Pound talaði annars vegar um „lög í bókum“ og hins vegar „lög í reynd“ þegar hann lýsti muninum á sjónarhorni hefðbundinna kenninga og raunsæismanna. Sjá Roscoe Pound, „Law in Books and Law in Action“, *American Law Review* 44: 1/1910, bls. 12–36.

Frank, taldi ekki bara að óvissa um lagaregluna gerði niðurstöðu dóma óut-reiknanlega heldur einnig, og jafnvel öðru fremur, óvissa um hvaða atvik dómari myndi leggja til grundvallar í máli, það er hvernig sönnunarmati dómarans yrði háttað. Þessi hluti kenninga Franks er nefndur staðreyndaefi (e. *fact scepticism*) á meðan vísað er til sjónarmiða um óræðni laga eða skort á skýrum lagareglum sem regluefa (e. *rule scepticism*). Kjarninn í skrifum Franks er vantrú hans á að lögfræðin hvíli á rökhyggju og að unnt sé að spá með einhverri vissu fyrir um lögfræðilega niðurstöðu.

Í ritum sínum beindi Frank sjónum að dómurum í bandarísku lagakerfi, þar sem dómafordæmi gegna enn mikilvægara hlutverki í mótun lagareglu en hér-lendis. Hann taldi nauðsynlegt að skoða ýmsa sálfræðilega og félagslega þætti sem hann staðhæfði að væru drifkraftar eða hvatar að baki aðferðum og ákvörð-unum dómara. Því taldi Frank rannsókn sem einskorðast við að lesa röksemdir dómara, sem koma fram í forsendum dómsins, ófullnægjandi enda sé þar ekki að finna umfjöllun um atriði sem í raun kunni að hafa haft ráðandi áhrif á niður-stöðu málsins. Að mati Frank eru önnur atriði sem hafa jafnmikil eða jafnvel meiri áhrif þar, svo sem viðhorf, persónuleg reynsla eða fordómar dómarans.<sup>35</sup> „Staðreyndir eru getgátur,“ fullyrðir Frank og bætir við að það sé engin vissa fyrir því að niðurstaða eins dómara, að því er sönnunarmat varðar, yrði eins ef málið yrði rekið af öðrum lögmanni og dæmt af öðrum dómara. Hér er hann að vísa til þess að margslungið og persónulegt mat liggur að baki ákvörðun um hvaða atvik skuli teljast til staðreynda máls.<sup>36</sup> Þessar efasemdir um atvik sem lögð eru til grundvallar í dómi má einnig heimfæra á matsgerðir, líkt og fram kom í umræðunni um matsgerðir séra Jóns og séra Eyjólfis í *Svarfugli*. Til dæmis má velta vöngum yfir því hvað lá að baki því að Eyjólfur og félagar beina athyglinni að holunni á hálsi líks Jóns og álykta að hún sé sennilega af mannavöldum.

Þótt kenningar Frank um regluefann, sem andstæðingar hans kölluðu morg-unverðarkenningu rétttheimspekinnar (e. *the breakfast theory of jurisprudence*), hafi verið gagnrýndar má líta á þær sem forvera nýlegri rannsókn á lögfræði sem fella má undir raunsæishyggju og síðar pragmatisma, sem og ýmsar fleiri gagn-rýnar lagakenningar sem eru andsvar eða andóf gegn vildarrétti. Frank varar við því að menn hafni alfarið kenningum hegðunarsálfræðinnar við að skýra niðurstöðu dóma. Hann bendir á að felldir hafi verið of margir órókréttir dómar í réttarsögunni sem verði ekki skýrðir með röklegum tilvísunum til réttarreglna.<sup>37</sup>

<sup>35</sup> Jerome Frank, *Court on Trial. Myth and Reality in American Justice*, New York: Atheneum, 1963, bls. 146–156.

<sup>36</sup> Sama heimild, bls. 14–36.

<sup>37</sup> Jerome Frank var afar umdeildur í sinni tíð en að sama skapi hafði hann talsverð áhrif

Hvað sem liður síðari tíma gagnrýni á kenningar Franks og annarra forvígismanna bandarískrar raunsæisstefnu þá er sjónarhornið sem hún byggir á gagnlegt til greiningar á öðrum og hefðbundnari viðhorfum innan réttarheimspekinnar og þeim þekkingargrundvelli sem hefðbundið er að byggja laganám hérlandis á.<sup>38</sup> Í þessu efni skiptir ekki höfuðmáli hvaða viðhorf einstakir kennarar eða nemendur hafa til ólíkra þekkingarfræðilegra forsendna lögfræðinnar. Mikilvægast er að kynna fyrir nemendum ólík sjónarmið um það hvernig réttarkerfið í raun virkar og þjálfar þau í að greina styrkleika og veikleika ólíkra sjónarmiða. Skáldverk eins og *Svartfugl* eru kjörinn útgangspunktur í slíkri umræðu. Ástæðan er ekki sú, þótt það spilli ekki fyrir, að verkið er byggt á raunverulegum atburðum heldur fremur hitt að sagan lætur okkur í té ríkulegar upplýsingar um það sem gerist innra með og í samskiptum þeirra persóna sem véla með örlög sakborninganna. Jafnvel þótt þessar upplýsingar séu skáldskapur eru þær á ýmsan hátt trúverðugar. Verkið minnir á að í sérhverju dómsmáli gengur ýmislegt á í hugum dómara, lögmannna og annarra sem koma að rekstri mála sem aldrei ratar inn í dómskjöl eða dómsorð.

### *Að lokum*

Í þessari grein hafa verið færð rök fyrir því að skáldsagan *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson eigi ekki síður erindi við íslenska laganema en verk Shakespeares, Camus og Blichers eiga við laganema í Norður-Ameríku og Evrópu. Við höfum tekið dæmi, sem við teljum nærtæk án þess að þau séu tæmandi, um viðfangsefni sem unnt er að skoða með hliðsjón af skáldsögu Gunnars. Í fyrsta lagi ræddum við almenn einkenni sögunnar í ljósi erlendra verka af líku tagi. Í öðru lagi fjöll-uðum við um þýðingu matsgerða sem sönnunargagna í sakamálum. Í þriðja lagi beindum við sjónum að réttarhöldunum í sögunni og þýðingu munnlegs vitnisburðar fyrir dómi. Í fjórða lagi ræddum við þá áskorun sem felst í því að halda uppi réttarkerfi í fámennu og dreifbýlu samfélagi eins og Ísland var á sögutíma *Svartfugls* og er að einhverju marki enn. Loks snertum við á þekkingarfræðilegum grundvelli lögfræðinnar með því að kynna til sögunnar hugmyndir bandaríska

---

á þróun réttarheimspekilegra kenninga, þar með talið raunsæishyggju í lögum, pragmatisma og síðar það sem oft er einu nafni nefnt gagnrýnar lagakenningar. Höfuðrit hans, *Law and the Modern Mind*, kom út 1930.

<sup>38</sup> Í nýlegri grein eftir Giovanni Tuzet er með greinandi og gagnrýnum hætti fjallað um kenningar eldri raunsæismanna og pragmatista, meðal annars Jeromes Frank. Sjá Giovanni Tuzet, „Digestive Jurisprudence Restated. On Breakfast and Digestion as Bias-Arousers“, *Annals of the Faculty of Law in Belgrade* 71: 3/2023, bls. 417–439.

lögfræðingsins Jeromes Frank um regluefa. Við teljum að skáldsagan *Svartfugl* sé vel til þess fallin að kveikja frjóar umræðu um hve leitin að sannleikanum, þeim sannleika sem „hafinn er yfir skynsamlegan vafa“, getur verið margslungin og flókin.

## Ú T D R Á T T U R

Þverfaglegar rannsóknir á sambandi laga og bókmennta eiga sér langa sögu í Bandaríkjunum og náðu síðar fótfestu í Evrópu. Upphaflega tengdust þær umræðum um áhugavert lesefni fyrir nemendur í laganámi. Í greininni er fjallað stuttlega um þróun rannsóknarsviðsins og þá mælikvarða sem notaðir hafa verið til þess að meta hvort skáldverk eigi heima á þessum vettvangi. Höfuðviðfangsefnið er síðan skáldsaga Gunnars Gunnarssonar, *Svartfugl*. Er hún sett í samband við ýmsar réttarheimspekilegar og stjórnspeki- legar hugmyndir, sem og sígildar áskoranir réttarkerfisins við leitina að þeim sannleika sem telst hafinn yfir skynsamlegan vafa. Sagan er rædd í ljósi valdgreiningarhugmynda, stöðu matsmanna og þýðingar matsgerða og kenninga af meiði amerískrar raunsæis- hyggju í lögfræði um staðreynðarefa og regluefa. Niðurstaða höfunda er að *Svartfugl* eigi ekki síður erindi við íslenska laganema en ýmis sígild skáldverk sem mestrar hylli hafa notið á þessum vettvangi erlendis.

*Lykilorð:* Lög og bókmenntir, Gunnar Gunnarsson, laganám, réttarheimspeki, mats- gerðir, raunsæishyggja í lögfræði

## A B S T R A C T

### **„Was I then a judge! Was I an executioner?“ The uses of the novel *Svartfugl* by Gunnar Gunnarsson for the study of law**

The interdisciplinary field of Law and Literature has a long history in America and a shorter one in Europe. Originally it was related to discussion about law school curricula. This article briefly discusses the development of the field and the criteria that has been used to determine whether literary work is relevant to discussions in that context. The novel *Svartfugl* (*The Black Cliffs*) by Gunnar Gunnarsson is given special attention and examined in the context of various ideas in legal and constitutional theory, as well as the enduring challenges faced by the legal system in its search for a truth that is considered to lie beyond reasonable doubt. In this context, the article considers the novel's relevance

INGIBJÖRG, JÓN KARL OG HAFSTEINN ÞÓR

to theories of segregation of power, the role of appointed assessors and their reports, and the concept of fact scepticism and rule scepticism, both well-known concepts in the realm of American legal realism. The authors conclude that *Svartfugl* is no less relevant for Icelandic law students than many canonized fictional works that have been most widely discussed by scholars within the field of Law and Literature.

*Keywords:* Law and literature, Gunnar Gunnarsson, law school curricula, jurisprudence, assessment reports, legal realism

INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR

Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur

JÓN KARL HELGASON

Prófessor í Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

jkh@hi.is

HAFSTEINN ÞÓR HAUSSON

Dósent við Lagadeild Háskóla Íslands

hthh@hi.is